

Reykjavík, 14. maí 1940.

Barnaverndarráð Íslands hjelt fund í dag. Fund þenna sátu, auk barnavefndarráðsmannaog Símonar Ágústssonar, Jón Pálsson formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Maggi Magnús varaformaður hennar og Gunnlaugur Einarsson læknir, sem mætti f.h. Rauða Kross Íslands og loftvarnarnefndar.

Rætt var um það, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til að koma sem flestum börnum í sveit í sumar. Það er auðsett, að ef til loftárása kæmi á Reykjavík, myndu börnin, einkum hin stálpuðu börn frá ca. 6-13 ára vera í hættu, þar sem þau eru úti um allt, en kunna hinsvegar ekki að forðast hættuna. Voru allir fundarmenn á einu máli um það, að nauðsyn bæri til þess að stuðla að því, að sem flest börn færu í sveit sem fyrst, en þó í sem mestri kyrrþey, til að vekja ekki hræðslu hjá fólki. Starf þetta væri aðallega fólgið í því: 1° að safna skýrslum um börn í Reykjavík, einkum á skólaskyldualdri, sem foreldrar vilja gjarna koma í sveit, en hafa ekki staði fyrir, 2° að útvega þessum börnum staði í sveit og greiða fyrir brottför þeirra. Um fyrra atriðið er það að segja, að skrifstofa barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Rauða Kross Íslands eru þess reiðubúin að safna þessum skýrslum með aðstoð kennaranna við barnaskóla bæjarins. Um seinna atriðið má geta þess, að fundarmenn álitu að athugandi væri, hvort ekki væri heppilegast, að ríkisstjórnin mæltist til þess við hreppnefndaröðvita, einkum í þeim hjeruðum, sem hafa greiðar samgöngur við Reykjavík, að þeir söfnuðu skýrslum, hver í sínum hreppi um þau heimili, sem vilja taka börn í sumar, einkum á skólaskyldualdri. Er þess vænst

16/5
1940.
Ríkisstjórnin
Reykjavík
46.

að heimilin taki börnin með sem allra vægustu kjörum, og veru þá fátæk börn látin ganga fyrir þeim stöðum, sem vilja taka þau aðstandendum þeirra að kostnaðarlausu eða kostnaðarlitlu. Væri fljótlegast, að oddvitarnir gæfu skrifstofunni þessar upplýsingar símleiddis. Um fyrirgreiðslu við brottför barnanna myndi skrifstofa barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Rauða Kross Íslands annast eftir föngum með starfslíði því, sem hún hefir á að skipa. Þegar um efnalítið fólk er að ræða, sem trauðla getur sent börn sín í sveit, án fjárhagsaðstoðar, væri athugandi, hvort ekki væri tók á því að útvega slíkum börnum afslátt á fargjaldi eða lítilsháttar styrk til nauðsynlegra fatakaupa.

Annars er rjetta að taka það fram, að hjer er ekki um að ræða tilraun til að flytja öll börn á skólaaldri úr bænum í sumar, heldur aðeins að útvega fleiri börnum dvalarstaði í sveit en á undanföörnum árum. Margir vilja gjarna koma börnum sínum úr bænum um sumartímann, en hafa enga staði fyrir þau. Með því ástandi og þeim horfum, sem skapast hafa við hertöku landsins, verður það að teljast skynsamleg og gáð ráðstöfun að koma sem allra flestum börnum úr Reykjavík í sveit.

Barnaverndarráðið ventir þess, að háttvirt bæjarstjórn Reykjavíkur veiti þessu málefni stuðning sinn og leyfir sjer að beiðast viðtals hið allra fyrsta, þar sem mjög áriðandi er, að fljótt sje hafist handa í þessu efni.

Brjef um þetta efni höfum vjer samtímis sent fjelagsmálaráðuneytinu með tilmælum um stuðning við máð þetta, þar sem vjer álítum að samstarf ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur sje nauðsynlegt til þess að tilætluðum árangri verði náð.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaverndarráðs Íslands.

Til borgarstjórans í Reykjavík.

Singr. Kristjánsson